

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við opnun sýningarinnar „Ljáðu mér vængi. Ævi og áhrif Vigdísar Finnbogadóttur“.**

**Haldið í Loftskæptastöðinni föstudaginn 15. mars 2024 kl. 15**

Ég býð ykkur öll innilega velkomin hingað í Loftskæptastöðina á opnun sýningar á vegum Háskóla Íslands sem tileinkuð er Vigdísí Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands, og ber heitið „Ljáðu mér vængi. Ævi og áhrif Vigdísar Finnbogadóttur“.

Háskóli Íslands hefur verið þeirrar gæfu aðnjótandi að njóta mikils stuðnings og velvildar íslensks samfélags og á skólinn stóran hóp hollvina. Fremst meðal jafningja í þeim hópi er Vigdís Finnbogadóttir.

Samfylgd Háskólans og Vigdísar á sér langa sögu og hún hefur búið hér á háskólasvæðinu í meira en hálfa öld. Faðir Vigdísar, Finnbogi Rútur Þorvaldsson, var prófessor í verkfræði við HÍ og var um tíma forseti verkfræðideildar. Í gegnum hann kynntist Vigdís snemma hugsjónum og starfi Háskóla Íslands og sjálf lauk hún héðan prófi í frönsku og í uppeldis- og kennslufræðum.

Foreldrar Vigdísar, Sigríður Eiríksdóttir og Finnbogi Rútur, stofnuðu árið 1952 styrktarsjóð í minningu sonar síns og bróður Vigdísar, Þorvalds Finnbogasonar stúdents, sem lést langt um aldur fram. Í minningu Þorvalds hefur allar götur síðan verið veitt viðurkenning til afburðarnema í verkfræði við Háskóla Íslands á afmælisdegi hans 21. desember. Vigdís hefur ávallt lagt áherslu á að vera viðstödd athöfnina og veita viðurkenninguna.

Árið 1999 var Vigdís útnefnd Velgjörðarsendiherra UNESCO í tungumálum sem felur í sér að vekja athygli á mikilvægi tungumála fyrir menningarlega fjölbreytni og standa vörð um tungumál sem eiga undir högg að sækja. Vigdís lagði í forsetatíð sinni ríka áherslu á að íslensk tunga væri fjársjóður og fjöregg þjóðarinnar. „Íslenskan gerir okkur að heimsþegnum“, sagði hún í innsetningarræðu sinni árið 1980.

Árið 2001 varð Vigdís við þeirri umleitan Háskóla Íslands að Stofnun í erlendum tungumálum við skólann yrði kennd við hana, en hlutverk stofnunarinnar er að efla rannsóknir og kennslu í erlendum tungumálum og vekja athygli á mikilvægi tungumálakunnáttu og menningarlæsis á öllum sviðum. Árið 2017 tók síðan til starfa UNESCO stofnunin „Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar“ þegar ein nýjasta bygging Háskólans, Veröld – hús Vigdísar, sem er hér við hliðina, var tekin í notkun.

Vigdís var sæmd heiðursdoktorsnafnbót við Verkfræðideild Háskóla Íslands árið 2000 og einnig við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda árið 2010.

Góðir gestir. Á 110 ára afmæli Háskóla Íslands 17. júní 2021 var undirrituð viljayfirlýsing ríkisstjórnar Íslands og Háskóla Íslands um að setja upp sýningu um ævi og störf Vigdídar Finnbogadóttur og í kjölfarið afhenti Vigdís ýmsa sögulega muni til varðveislu, s.s. bréf og skjöl, gjafir erlendra þjóðhöfðingja, fatnað og listmuni. Hluta af þessum gripum má nú sjá hér í dag – en auk þess hafa ýmis söfn og stofnanir lánað muni.

Titill sýningarinnar, „Ljáðu mér vængi“, vísar í ljóð eftir skáldkonuna Huldu og er m.a. áskorun til ungra kvenna um að skoða heiminn og láta til sín taka. Tilvitnunin endurspeglar einnig þann einstaka eiginleika Vigdísar að efla með fólki sjálfstraust og trú á eigin hæfileika og getu. Þannig hefur Vigdís verið mörgum fyrirmynd og sannarlega ljáð þeim vængi.

Með áherslu sinni á mannréttindi, jafnrétti, frið, náttúruvernd, menningu og tungumál hefur Vigdís Finnbogadóttir haft gífurleg áhrif, bæði á Íslandi og víða um heim.

Þótt tungumál, vöxtur og verndun þeirra, hafi verið eitt helsta hugðarefni Vigdísar hefur hún ekki síður beitt sér fyrir eflingu vísinda og menningar í viðum skilningi. Fyrir nokkru sagði hún: „Listir og vísindi hafa aldrei unað viðteknum hugmyndum, heldur leitað þrotlaust að nýjum leiðum.“ Vísindi og menning eru grunnstoðir hvers samfélags og Vigdís hefur alla tíð lagt áherslu á að þær eru samofnar.

Dagskráin hér í dag er þannig að næst mun forseti Íslands halda ávarp. Síðan mun Haukur Ingvarsson lesa tvö ljóð sem hann ort í tilefni opunar sýningarinnar. Þar á eftir mun forsætisráðherra halda ávarp. Eftir það munu Ásta Ingibjartsdóttir og Eyjólfur Már Sigurðsson flytja tvö lög. Þá mun Ewa Marcinek lesa nokkur ljóð. Að þessari dagskrá lokinni verður sýningin formlega opnuð.

Góðir gestir, nú tekur til máls, forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson.

Seinni hluti:

Kæru gestir, nú líður að formlegri opnun sýningarinnar. Áður en að því kemur langar mig að nota tækifærið og þakka Listasafni Íslands, Listasafni Reykjavíkur, Þjóðminjasafni Íslands, Þjóðskjalasafni Íslands, Borgarsögusafni og Leikminjasafni Íslands kærlega fyrir gott samstarf við undirbúning sýningarinnar. Þá vil ég þakka Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands, Katrínu Jakobsdóttur, forsætisráðherra, og ríkistjórn Íslands fyrir mikilvægan stuðning – og auðvitað ekki síst Vigdísí Finnbogadóttur sjálfri og fjölskyldu hennar. Einnig vil ég þakka Auði Hauksdóttur og Ann-Sofie Nielsen Gremaud, fyrrverandi stjórnarformönnum Vigdísarstofnunar, fyrir þeirra framlag til sýningarinnar.

Töluverð rannsóknarvinna liggur að baki sýningu sem þessari og við gerð hennar hefur verið lögð áhersla bæði á ævi og áhrif Vigdísar og þau málefni sem hún hefur beitt sér fyrir í sinni forsetatíð og allar götur síðan. Auk sögulegra heimilda eru á sýningunni verk eftir ólíka listamenn sem varpa ljósi á þessi hugðarefni Vigdísar og vil ég þakka listamönnunum sérstaklega fyrir þeirra framlag.

Sigrún Alba Sigurðardóttir er sýningarhöfundur og sýningarstjóri, en auk hennar hafa ýmsir sérfræðingar, bæði innan og utan Háskóla Íslands, veitt ráðgjöf við uppsetningu. Fulltrúi rektorsembættisins í þeirri vinnu var Sæunn Stefánsdóttir.

Staðsetning sýningarinnar hér á lóð Háskóla Íslands gefur tækifæri til samtals við fræðafólk af ólíkum fræðasviðum og verður lögð áhersla á að skapa lifandi umhverfi í tengslum við sýninguna með ýmsum viðburðum og miðlun til samfélagsins. Loftskæptastöðin verður miðstöð fjölbreyttrar menningarstarfsemi og efnt verður til viðburða í samstarfi við helstu menningarstofnanir og lista- og fræðafólk innan og utan Háskóla Íslands. Forstöðumaður Loftskæptastöðvarinnar er María Th. Ólafsdóttir.

Mig langar nú að biðja Vigdísar að koma hingað til mín og síðan Sigrúnu Ölbú.

Góðir gestir, um leið og ég segi nú sýninguna „Ljáðu mig vængi“ opna vil ég geta þess að Sigrún Alba er boðin og búin að veita ykkur leiðsögn ef þess er óskað.

## **Viðburður kl. 16:30**

Ég býð ykkur öll innilega velkomin hingað í Lofskeytastöðina á opnun sýningar á vegum Háskóla Íslands sem tileinkuð er Vigdísí Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands, og ber heitið „Ljáðu mér vængi. Ævi og áhrif Vigdísar Finnbogadóttur“.

Háskóli Íslands hefur verið þeirrar gæfu aðnjótandi að njóta mikils stuðnings og velvildar íslensks samfélags og á skólinn stóran hóp hollvina. Fremst meðal jafningja í þeim hópi er Vigdís Finnbogadóttir.

Samfylgd Háskólans og Vigdísar á sér langa sögu og hún hefur búið hér á háskólasvæðinu í meira en hálfa öld. Faðir Vigdísar, Finnbogi Rútur Þorvaldsson, var prófessor í verkfræði við HÍ og var um tíma forseti verkfræðideildar. Í gegnum hann kynntist Vigdís snemma hugsjónum og starfi Háskóla Íslands og sjálf lauk hún héðan prófi í frönsku og í uppeldis- og kennslufræðum.

Foreldrar Vigdísar, Sigríður Eiríksdóttir og Finnbogi Rútur, stofnuðu árið 1952 styrktarsjóð í minningu sonar síns og bróður Vigdísar, Þorvalds Finnbogasonar stúdents, sem lést langt um aldur fram. Í minningu Þorvalds hefur allar götur síðan verið veitt viðurkenning til afburðarnema í verkfræði við Háskóla Íslands á afmælisdegi hans 21. desember. Vigdís hefur ávallt lagt áherslu á að vera viðstödd athöfnina og veita viðurkenninguna.

Árið 1999 var Vigdís útnefnd Velgjörðarsendiherra UNESCO í tungumálum sem felur í sér að vekja athygli á mikilvægi tungumála fyrir menningarlega fjölbreytni og standa vörð um tungumál sem eiga undir högg að sækja. Vigdís lagði í forsetatíð sinni ríka áherslu á að íslensk tunga væri fjársjóður og fjöregg þjóðarinnar. „Íslenskan gerir okkur að heimsþegnum“, sagði hún í innsetningarræðu sinni árið 1980.

Árið 2001 varð Vigdís við þeirri umleitan Háskóla Íslands að Stofnun í erlendum tungumálum við skólann yrði kennd við hana, en hlutverk stofnunarinnar er að efla rannsóknir og kennslu í erlendum tungumálum og vekja athygli á mikilvægi tungumálakunnáttu og menningarlæsis á öllum sviðum. Árið 2017 tók síðan til starfa UNESCO stofnunin „Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar“ þegar ein nýjasta bygging Háskólans, Veröld – hús Vigdísar, sem er hér við hliðina, var tekin í notkun.

Vigdís var sæmd heiðursdoktorsnafnbót við Verkfræðideild Háskóla Íslands árið 2000 og einnig við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda árið 2010.



Góðir gestir. Á 110 ára afmæli Háskóla Íslands 17. júní 2021 var undirrituð viljayfirlýsing ríkisstjórnar Íslands og Háskóla Íslands um að setja upp sýningu um ævi og störf Vigdídas Finnbogadóttur og í kjölfarið afhenti Vigdís ýmsa sögulega muni til varðveislu, s.s. bréf og skjöl, gjafir erlendra þjóðhöfðingja, fatnað og listmuni. Hluta af þessum gripum má nú sjá hér í dag – en auk þess hafa ýmis söfn og stofnanir lánað muni.

Titill sýningarinnar, „Ljáðu mér vængi“, vísar í ljóð eftir skáldkonuna Huldu og er m.a. áskorun til ungra kvenna um að skoða heiminn og láta til sín taka. Tilvitnunin endurspeglar einnig þann einstaka eiginleika Vigdísar að efla með fólki sjálfstraust og trú á eigin hæfileika og getu. Þannig hefur Vigdís verið mörgum fyrirmynd og sannarlega ljáð þeim vængi.

Með áherslu sinni á mannréttindi, jafnrétti, frið, náttúruvernd, menningu og tungumál hefur Vigdís Finnbogadóttir haft gífurleg áhrif, bæði á Íslandi og víða um heim.

Þótt tungumál, vöxtur og verndun þeirra, hafi verið eitt helsta hugðarefni Vigdísar hefur hún ekki síður beitt sér fyrir eflingu vísinda og menningar í viðum skilningi. Fyrir nokkru sagði hún: „Listir og vísindi hafa aldrei unað viðteknum hugmyndum, heldur leitað þrotlaust að nýjum leiðum.“ Vísindi og menning eru grunnstoðir hvers samfélags og Vigdís hefur alla tíð lagt áherslu á að þær eru samofnar.

Ég vil þakka öllum Sigrúnu Ölbu Sigurðardóttur sýningarhöfundi og sýningarstjóra fyrir hennar góðu vinnu og öllum þeim lagt hafa hönd á plóg við að gera sýninguna afar vel úr garði.

Góðir gestir, nú mun Sigrún Alba segja ykkur nánar frá sýningunni.